

Reglur Arev verðbréfafyrirtækis hf. um flokkun viðskiptavina

1. ALMENNT

Reglur þessar eru settar í samræmi við 1. mgr. 21. gr. laga um verðbréfiðskipti nr. 108/2007 og 25. 26. 27. og 27.a gr. reglugerðar 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja. Þar kemur fram að fjármálafyrirtæki skuli setja sér verklagsreglur um flokkun viðskiptavina. Samkvæmt lögum um verðbréfiðskipti geta viðskiptavinir fallið í þrjá mismunandi flokka; almennur fjárfestir, fagfjárfestir og viðurkenndur gagnaðili.

Flokkun viðskiptavina er mikilvæg af þeim sökum að sú vernd sem skylt er að veita viðskiptavinum samkvæmt lögum um verðbréfiðskipti er mismunandi eftir því hvort viðskiptavinirnir eru almennir fjárfestar, fagfjárfestar eða viðurkenndir gagnaðilar.

2. EINSTAKIR FLOKKAR

2.1 Almenn

Skilgreiningu á einstökum flokkum er að finna í 2. gr. laga um verðbréfiðskipti, nánar tiltekið:

- Viðurkenndir gagnaðilar sbr. 10. tl. 1. mgr. 2. gr.
- Fagfjárfestar sbr. 9. tl. 1. mgr. 2. gr.
- Almennir fjárfestar sbr. 11. tl. 1. mgr. 2. gr.

Sami viðskiptavinur getur verið flokkaður í tvo mismunandi flokka. Sem dæmi má nefna að ákveðinn viðskiptavinur getur verið flokkaður sem fagfjárfestir þegar kemur að viðskiptum með skuldabréf og skráð bréf en í viðskiptum með óskráð bréf getur hann verið flokkaður sem almennur fjárfestir svo að dæmi sé tekið.

2.2 Viðurkenndir gagnaðilar

Viðurkenndir gagnaðilar samkvæmt lögum um verðbréfiðskipti eru þeir aðilar sem falla undir a, b eða c liði skilgreiningarinnar á fagfjárfestum í 9. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfiðskipti. Í því felst að eftirfarandi aðilar eru viðurkenndir gagnaðilar í skilningi laganna:

Arev

a) Lögaðilar, hér á landi eða erlendis, sem hafa starfsleyfi eða sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum, þ.m.t. fjármálafyrirtæki og fyrirtæki tengd fjármálasviði, váttryggingafélög, sjóðir um sameiginlega fjárfestingu og rekstrarfélög þeirra, lífeyrissjóðir og rekstrarfélög þeirra eftir því sem við á, seljendur hrávöru og hrávöruafleiðna, staðbundnir aðilar og aðrir stofnanafjárfestar.

b) Stór fyrirtæki sem uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi skilyrðum:

i. heildartala efnahagsreiknings er 1.847 millj. kr. eða hærri,

ii. hrein ársvelta er 3.695 millj. kr. eða meiri,

iii. eigið fé er 185 millj. kr. eða meira.

c) Ríkisstjórnir og sveitarstjórnir, seðlabankar og alþjóðastofnanir, svo sem AGS, Seðlabanki Evrópu, Fjárfestingarbanki Evrópu og aðrar sambærilegar alþjóðastofnanir.

Viðurkenndir gagnaðilar geta jafnframt talist fagfjárfestar á grundvelli a til c liðar 9. tl. 1. mgr. 2. gr. laganna og eru þeir því í raun í tveimur flokkum. Um slíka aðila gilda þó eingöngu reglur um viðurkennda gagnaðila.

2.3 Fagfjárfestar

Í lögum um verðbréfavíðskipti er gert ráð fyrir því að hægt sé að komast í hóp fagfjárfesta með tvennum hætti:

a) Í fyrsta lagi telst aðili sjálfkrafa fagfjárfestir ef hann uppfyllir einhver þeirra skilyrða sem talin eru upp í a. - e. stafliðum 9. tl. 1. mgr. 2. gr. laganna.

b) Í öðru lagi telst aðili fagfjárfestir ef hann óskar eftir því samkvæmt 24. gr. laganna og Arev metur sérfræðikunnáttu hans, reynslu og þekkingu svo að nægileg vissa sé fyrir því að viðkomandi geti sjálfur tekið ákvarðanir um fjárfestingar og skilji áhættuna sem í þeim felst. Auk þess verður viðskiptavinur að uppfylla að minnsta kosti tvö þeirra skilyrða sem talin eru upp í a. - c. lið 24. gr. laganna en þau eru:

- i. að hafa átt umtalsverð viðskipti á verðbréfamörkuðum næstliðna fjóra ársfjórðunga, að meðaltali að minnsta kosti tíu sinnum á hverjum ársfjórðungi;
- ii. verðgildi verðbréfaeignar fjárfestis nemi meira en 79,5 millj. kr. miðað gengi evru (EUR) 31. desember 2013 (159), eða;
- iii. að fjárfestir gegni eða hafi gegnt í að minnsta kosti eitt ár starfi á fjármálamarkaði sem krefst sérþekkingar á fjárfestingum í verðbréfum.

Arev

Vakin er sérstök athygli á því að mat við flokkun fagfjórfa eftir beiðni er samkvæmt ofangreindu tvíþætt, það er fyrst þarf að fara fram sjálfstætt mat á því hvort að sérfræðikunnátta reynsla og þekking sé nægjanleg og að því loknu þarf að meta hvort að viðskiptavinurinn uppfylli a.m.k. tvö þeirra skilyrða sem talin eru upp að ofan.

Fagfjórfa þurfa ekki að samþykkja flokkun sína, þeir þurfa eingöngu að samþykkja reglur um bestu framkvæmd.

2.4 Almennir fjórfa

Almennir fjórfa eru þeir sem ekki teljast fagfjórfa (hvort sem þeir fagfjórfa teljast einnig viðurkenndir gagnaðilar eða ekki).

Fyrir utan það sem að ofan er talið er vakin athygli á því að Arev ber skylda til að gera skriflegan samning við alla þá almennu fjórfa sem þiggja þjónustu á sviði verðbréfiðskipta hjá félaginu. Þetta á þó ekki við um þá sem eingöngu þiggja fjórfafestingaráðgjöf. Í samningnum skal kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila. Ekki skiptir máli hvort um er að ræða viðvarandi viðskiptasamband eða einstök viðskipti.

Aðilar sem ekki teljast fagfjórfa geta óskað eftir því að vera fagfjórfa og fer þá fram mat Arev samkvæmt 25. gr. a. í reglugerð 995/2007.

3. RÉTTARÁHRIF FLOKKUNAR

Niðurstaða flokkunar hefur talsverð áhrif á samskipti og skyldur Arev verðbréfiðskiptis gagnvart viðskiptavinum og verða áhrif flokkunarinnar útlistuð hér að neðan.

3.1 Viðurkenndur gagnaðili

Flokkun viðskiptavinar sem viðurkennds gagnaðila hefur í för með sér að [•] er heimilt skv. 22. gr. laganna að eiga viðskipti við þann viðskiptavin án þess að fullnægja þeim verndarskiðum sem mælt er fyrir um í 9., 14., 15., 16. og 18. gr. og 1. mgr. 19. gr. laganna. Í því felst eftirfarandi:

a. Arev er ekki skylt að gera skriflegan samning við viðurkennda gagnaðila þar sem kveðið er á um réttindi og skyldur aðila í tilefni af því að Arev tekur að sér þjónustu fyrir gagnaðilann á sviði verðbréfiðskipta.

b. Arev er ekki skylt að veita viðurkenndum gagnaðilum sem félagið býður þjónustu sína upplýsingar um félagið, fjórfafestingarkosti eða áhættu. Þá er félaginu ekki skylt að veita upplýsingar um þóknun félagsins eða breytingar á þóknun. Að sama skapi er

Arev

félaginu ekki skylt að veita viðurkenndum gagnaðila upplýsingar um réttarúrræði ef upp kemur ágreiningur.

c. Áður en Arev veitir viðurkenndum gagnaðila fjárfestingaráðgjöf eða sinnir eignastýringu er félaginu hvorki skylt að afla sér upplýsinga um þekkingu eða reynslu viðkomandi, né fjárhagsstöðu hans eða markmiða með fyrirhugaðri fjárfestingu. Það sama á við þó um aðra þjónustu en fjárfestingaráðgjöf eða eignastýringu sé að ræða.

d. Reglur 18. gr. um bestu framkvæmd sem mæla fyrir um skyldu Arev til að leita allra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína og setja sér verklagsreglur í þeim efnum gilda ekki þegar um viðurkenndan gagnaðila er að ræða.

e. Þá er Arev ekki skylt að gera ráðstafanir sem miðla að sanngjarnri og skjótri framkvæmd fyrir mæla viðskiptavinum þegar um viðurkenndan gagnaðila er að ræða.

3.2 Fagfjárfestir

Með fagfjárfestum er átt við viðskiptavinum sem búa yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfir ákvarðanir um fjárfestingar og meta þá áhættu sem þeim fylgir. Þar af leiðandi byggja lög á því að fagfjárfestar þurfi ekki á sömu vernd að halda varðandi sínar fjárfestingar og almennir fjárfestar.

Hér er gerð grein fyrir þeirri vernd sem Arev er skylt að veita almennum fjárfestum annars vegar og viðurkenndum gagnaðilum hins vegar samkvæmt lögum um verðbréfiðskipti. Ganga má út frá því að sú vernd sem Arev þarf að veita fagfjárfestum sé á milli þess sem krafist er þegar um ræðir hina tvo flokkana. Í því samhengi má til dæmis nefna að 14. gr. laga um verðbréfiðskipti, sem snýr að skyldum fjármálafyrirtækis varðandi upplýsingagjöf til viðskiptavina, gildir bæði gagnvart almennum fjárfestum og fagfjárfestum á meðan reglur 15. gr. laganna, um öflun upplýsinga og ráðleggingar vegna eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar, gilda ekki nema að litlu leyti um fagfjárfesta.

3.3 Almennur fjárfestir

Almennir fjárfestar njóta fullrar verndar samkvæmt fyrir mælum laga um verðbréfiðskipti, þar með talið varðandi öll þau atriði sem undanskilin eru þegar um ræðir viðurkennda gagnaðila og talin eru upp hér að ofan. Í þessu felst m.a. að Arev er skylt að veita viðskiptavinum í þessum flokki upplýsingar um:

1. Arev og þá þjónustu sem boðið er uppá og úrræði viðskiptavinarins;
2. þá fjárfestingakosti sem eru í boði og þá áhættu sem fylgir hverjum;
3. þau gjöld og þóknanir sem fylgja hverjum fjárfestingakosti.

Arev

Þá er vakin athygli á því að almennum fjárfestum er heimilt að óska eftir því að verða flokkaðir sem fagfjárfestar. Við slíka flokkun er viðskiptavinur að afsala sér hluta sinna réttinda og verndar skv. lögum um verðbréfavíðskipti. Til þess að slík beiðni verði tekin til greina verður viðskiptavinur að veita Arev ákveðnar upplýsingar og slík flokkun er háð samþykki Arev.

4. GILDISTAKA

Reglur þessar taka gildi við undirritun stjórnar Arev. Jafnframt fellur úr gildi stefna um sama efni frá 2015.

Samþykkt á fundi stjórnar hinn 11. febrúar 2016.